



# Umhverfisstefna Skútustaðahrepps

## Leiðarljós:

Skútustaðahreppur verði til fyrirmyndar meðal íslenskra sveitarfélaga í umhverfismálum þar sem sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi við ákvarðanatöku. Með því verði sveitarfélagið eftirsótt til búsetu sem fjölskylduvænt svæði í heilnæmu umhverfi sem skartar náttúru sem nærir og eykur lífsgæði íbúa og gesta. Inntak umhverfisstefnunnar byggir á væntumþykju, virðingu og mati á þeim verðmætum sem einstök náttúra Skútustaðahrepps er. Áhersla er lögð á gott samstarf við íbúa, landeigendur, fyrirtæki og stofnanir til að greiða leiðina að settum markmiðum. Stefnunni fylgir tímasett aðgerðaáætlun. Umhverfisstefna og tímasett aðgerðaáætlun skulu endurskoðuð í upphafi hvers kjörtímabils. Hluti sveitarfélagsins fellur undir verndarlög um Mývatn og Laxá og er skilgreint sem alþjóðlega mikilvægt votlendi RAMSAR-sáttmálans.

## 1. Umhverfisfræðsla

### Aðgerðir:

- Grænánaverkefnið; Þegar innleitt í Reykjahlíðarskóla. Á stefnu leikskólans Yls haust 2018
- Íbúafundur um sorpmál (árangur í endurvinnslu, moltugerð og nýjungar) 2018
- Heilsueflandi samfélag og gönguferðir – áframhaldandi þátttaka
- Samið verði við Mývatnsstofu ehf um að standa að upplýsingagjöf um umhverfisvernd til ferðamanna í samráði við sveitarfélagið og Umhverfisstofnun
- Fróðleikur á heimasíðu sveitarfélagsins, miðla upplýsingum um það sem sveitarfélagið vinnur að í umhverfismálum hverju sinni 2018
- Skilti við aðkomuleiðir með upplýsingum um umgengni 2018

## 2. Verndun lífríkis og umhverfis

### Aðgerðir:

- Þrýstingur sveitarfélagsins á auknar rannsóknir á stöðu lífríkis, grunnvatns, jarðefnafræði Mývatns og loftgæða
- Endurskoðun á ákvæðum sveitarfélagsins í aðalskipulagi er varða framkvæmdir sem valdið geta skerðingu votlendis
- Áætlun um endurheimt votlendis
- Mat á árangri endurheimtar votlendis við Framengjar og Nautey 2003-2005. 2018

## 3. Skipulagsmál og manngert umhverfi



Aðgerðir:

- Lögð verði áhersla á lagningu göngu- og hjólastíga umhverfis vatnið og að helstu náttúruperlum
- Göngustígar í þorpinu og að lóninu
- Ásýnd húsnæðis, annarra eigna og umhverfis í umsjá sveitarfélagsins sé til fyrirmyndar
- Átak verði gert í að draga úr sjónrænum áhrifum vanhirtra mannvirkja, ónotaðra bifreiða og landbúnaðartækja
- Sveitarfélagið standi að hvetjandi aðgerðum til fegrunar umhverfis
  - Söfnun bílhræja og járnarusls og flutningsúrræði, tímabundinn afsláttur í byggingavöruverslunum 2018.
- Aðgerðaáætlun vegna mengunarslysa
- Kanna viðbragðsáætlanir olúflutninga og flutningafyrirtækja vegna mengunarslysa í tengslum við verndaráætlun.
  - Kanna akstur gegnum þorpið
- Frágangur á aflögðum efnistöðum

## 4. Auðlindir

Aðgerðir:

- Taka græn skref í bókhaldi
- Innkaupastefna sveitarfélagsins með vistvænum og samfélagslega ábyrgum áherslum.
- Sorpflokkun í stofnunum á vegum sveitarfélagsins verði til fyrirmyndar 2018
- Þátttaka í stefnumótun á landsvísu um sorpflokkun fyrir ferðamenn
- Aðstaða fyrir ferðamenn til sorpflokkunar
- Sveitarfélagið mun hvetja fyrirtækin á svæðinu til að koma sér upp umhverfisstefnu og vinna að stöðugum úrbótum í anda hreinni framleiðslutækni
  - Sveitarfélagið hvetji ferðaþjónustufyrirtæki til þátttöku í gæða- og umhverfiskerfi íslenskrar ferðaþjónustu, Vakanum 2018
- Gerð verður skrá yfir auðlindir í sveitarfélaginu, þar með talin, vatnasvæði, vatnstökusvæði, orkuvinnslusvæði, beitolönd, uppgæðslusvæði, skógræktarsvæði og efnisnámur.
- Endurvinnsla/jarðgerð lífræns úrgangs
  - Útreikningar á fjárhagslegum ávinningi af moltugerð í sveitarfélaginu
  - Skipan tilraunateymis um moltugerð
  - Tilraun í moltugerð í stofnunum sveitarfélagsins

## 5. Fráveitumál

Aðgerðir

- Umbótaáætlun um frárennismál 2018-2021



- *Áætlun um skipulagt eftirlit með frárennslismannvirkjum í sveitarfélaginu 2018*
- *Markviss hvatning til nota á umhverfsvænum hreinsiefnum*
  - *Samstarf við rekstraraðila*
  - *Fræðsla um skaðsemi*

## 6. Heilnæmt umhverfi

### **Aðgerðir:**

- Tryggja skipulagt eftirlit með gæðum neysluvatns/brunna*
- Hljóðmegun í íbúðarbyggð- mælingar*
- Loftmegun – mælingar (svifryksmengun)*
- Við uppsetningu götulýsingar og lýsingar hjá sveitarfélaginu verður þess gætt að ljósmengun utan viðkomandi svæða verði í lágmarki.*
- Rofar á lýsingu á sparkvelli*

## 7. Loftslagsmál

### **Aðgerðir:**

- *Taka græn skref í bókhaldi- skrá og reikna losun sveitarfélagsins vegna notkunar jarðefnaeldsneytis*
- *Vitundarvakning varðandi þátt einstaklinga og fyrirtækja í aðgerðum gegn loftslagsbreytingum. Fræðslusvæði á heimasíðu þar sem fram komi upplýsingar um t.d. Orkunýtingu, kosti rafbíla, vistakstur, moltugerð, endurheimt votlendis,*
- *Sveitarfélagið verði í fararbroddi varðandi uppsetningu rafhleðslustöðva við húsnæði á vegum þess.*
- *Hvatning til uppsetningu rafhleðslustöðva í sveitarfélaginu.*
- *Við endurnýjun á bifreiðum og tækjabúnaði sveitarfélagsins skal valinn búnaður með lágt vistspor.*
- *Sveitarfélagið komi á framfæri ábendingum til húsbyggjenda, verktaka og hönnuða um uppsetningu hleðslustöðva fyrir rafbíla*